



20. Kafli

María A. Tr.

# Lögræði og sjálfsákvörðunarréttur



# Lögræðissvipting og lögráðamaður

- Lögræðissvipting er ráðstöfun sem felur í sér að lögráðamaður tekur ákvarðanir fyrir einstakling yfir 18 ára sem er ekki fær um að ráða sér sjálfur persónulega og fjárhagslega.
  - Sjálfræðissvipting
  - Fjarræðissvipting
- Lögráðamaður er einstaklingur sem tekur ákvarðanir fyrir eða með manneskju sem hefur verið svipt sjálfsákvörðunarrétti
  - Oft skyldmenni eða einhver nákominn
- Lögráðamaður skal alltaf ráðfæra sig við skjólstæðing sinn

Til að hægt sé að svipta einstakling lögræði þarf:

Viðkomandi þarf að vera með (byggt á læknisfræðilegu mati):

Geðsjúkdóm

Heilabilun

Andlega þroskahömlun

Varanlega vanheill

Ástandið þarf að vera það alvarlegt að dómgreind sé skert

Allaf þarf að fara fram einstaklingsbundið mat.

Hverjir geta sótt  
um  
lögræðissviptingu?

---

Einstaklingurinn sem um ræðir

---

Maki hans, börn, foreldrar, systkini eða aðrir  
ættingjar í beinan legg

---

Lögráðamaður eða ráðsmaður varnaraðila

---

Félagsþjónusta sveitarfélaga eða samsvarandi  
fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila

---

Ráðherra þegar gæsla almannahagsmuna  
krefst þess

# Sem umönnunaraðili:

Ber þér alltaf að:

- Virða þagnarskyldu
- Virða sjálfsákvörðunarrétt skjólstæðings
  - Sé hann með lögráðamann skal tala við hann um málefni sem forræðið nær til.

Hvað gæti þetta þýtt tengt því að ræða mál skjólstæðings þíns við aðstandenda hans?

# Nauðung og valdbeiting

21. Kafli

María A. Tr.

# Sjálfsvörðunarréttur – upplýst samþykki

Ekki er leyfilegt að beita valdi, fjötrun eða þvingunum við umönnun

Upplýst samþykki er þegar viðkomandi tjáir greinilega já með yrtri eða óyrtri tjáningu

# Valdbeiting

- Er þegar að einhver ræður ráðum annarra gegn vilja þeirra.
- Hvenær er heimilt að að beita valdi eða nauðung hjá fötluðum einstaklingum:
  - Öryggis eða staðsetningarbúnaður
  - Sérstakur búnaður til að opna útidyr
  - Að halda einstaklingi föstum
  - Nauðungarvistun án samþykkis
  - Notkun fjötra



## Skilyrði fyrir valdbeitingu

---

Að koma í veg fyrir að fatlaður einsataklingur valdi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni eða stórfelldu eignastjóni.

---

Að nauðung eða valdi sé beitt til að uppfylla grunnþarfir einstaklings, svo sem varðandi mat, heilbrigði og hreinlæti.

# Beiðni um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar

Í tilvikum fatlaðra þá þarf leyfi frá undanþágunefnd um réttindagæslu fatlaðs fólks.

- Leyfið er bundið við ákveðinn einstakling eða tiltekna aðstæður í afmarkaðan tíma.

Í bráðatilvikum er gengið frá lagalegum þáttum í kjölfar atviks.

- Bráðatilvikin eru þegar að koma þarf í veg fyrir yfirvofandi líkamstjón, stórfellt eignartjón eða röskun á almannahagsmunum.

# Skráning og skýrslugjöf

Valdbeitingu, nauðung og notkun fjötra ber að færa **nákvæmlega** til bókar í skráningargögn viðkomandi stofunar

Einnig skal skrá aðstæður sem óvænt atvik ef við á.

Starfsfólki er skylt að skrá öll atvik þar sem valdbeitingu er beitt

Stjórnendum ber að ígrunda með starfsfólki um valdbeitinguna

Þar á meðal sjúkraskrá, dagbækur og framvinduskrár.

Skráning skal fara fram um leið eða ekki seinna en daginn eftir valdbeitinguna.

Til að skerpa á faglegri færni.

## Viðtöl

- Segir mannréttindi aldraðra brotin á hjúkrunarheimilum (16 mín)
- <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2022-11-06-segir-mannrettindi-aldradra-brotin-a-hjukrunarheimilum>
- Viðtal við formann nefndar sem veitir undanþágur frá banni við beitingu nauðungar í starfi með fötluðu fólki (18 mín)
- <https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2022-11-10-augljost-ad-rettindi-aldrads-folks-eru-idulega-brotin>

# Ofbeldi aldraðra

María A. Tr



# Birtingarmyndir ofbeldis gegn ölduðum.....

..... geta verið af  
margvíslegum toga.  
Vanræksla getur flokkast sem  
ofbeldi líkt og skortur á  
virðingu fyrir reisu og  
sjálfsákvörðunarrétti  
viðkomandi.



# Ofbeldi aldraðra skipt í flokka (WHO)

- ✓ Líkamlegt ofbeldi:
  - ✓ T.d. að kýla, slá, sparka, hrinda, halda og misnotkun á lyfjum viðkomandi.
- ✓ Andlegt ofbeldi:
  - ✓ T.d. að hóta, skamma, ógna, niðurlægja, útiloka frá samskiptum, stjórna, þvinga, einangra, hindra aðgang að stuðningi og aðstoð. Til andlegs ofbeldis telst einnig ofbeldi og áreitni sem felur í sér mismunun (sjá neðar).
- ✓ Kynferðislegt ofbeldi:
  - ✓ T.d. nauðgun, kynferðislegt áreitni eða kynferðislegar athafnir sem einstaklingur hefur ekki samþykkt, gæti ekki samþykkt vegna skerðingar eða var þvingaður til þess að samþykkja.

# Frh. Ofbeldi aldraðra - flokkar

- ✓ Fjárhagsleg og efnisleg misnotkun:
  - ✓ T.d. þjófnaður, svik, misnotkun fjármuna, þrýstingur vegna ráðstafana fjármuna, misnotkun og vísvitandi eyðilegging á eignum.
- ✓ Vanræksla:
  - ✓ T.d. vanræksla varðandi lyfjagjöf og líkamlega umönnun.
- ✓ Ofbeldi/áreitni sem felur í sér mismunun:
  - ✓ Ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.



# Vísbendingar um ofbeldi gegn öldruðum

## Líkamlegt ofbeldi

- Áverkar og skurðir
- Óútskýrð meiðsli
- Lélegt ástand húðar
- Brunasár

## Tilfinningalegt ofbeldi

- Bjargarleysi
- Tregða til að tjá sig óheft
- Depurð/afneitun
- Ótti
- Óróleiki

# Frh. Vísbendingar um ofbeldi gegn öldruðum

## Fjárhagsleg misnotkun (fjárhagslegt ofbeldi)

- Breytt hefur verið um fjárhaldsmann
- Týndir skartgripir og borðbúnaður
- Peninga skortir fyrir nauðsynjum
- Fjárhaldsmaður útvegar ekki nauðsynjar
- Undirritun skjala án þess að skilningur sé á efni þeirra

## Vanræksla

- Aldraður er illa klæddur
- Aldraður er sýnilega vannærður eða þjáist af vökvaskorti
- Aldraður fær ekki umönnun vegna veikinda eða meiðsla
- Aldraður á sér sögu tíðra slysa og meiðsla
- Umönnun sinnir ekki þörf hins aldraða fyrir heilsugæslu

# Áhættuþættir aldraðra fyrir ofbeldi

- 
- Kyn
  - Andleg og líkamleg heilsa
  - Vitsmunaleg skerðing
  - Skortur á félagslegum stuðningi
  - Félagsleg einangrun
  - Að viðkomandi búi „inni á“ öðrum fjölskyldumeðlimum
  - Þörf viðkomandi fyrir stuðning við athafnir daglegs lífs og notkun hjálpartækja

# Fyrirbyggjandi – hvað getur hinn aldraði gert?

- 
- Getur reynt að vera í góðu sambandi við fjölskyldu og vini.
  - Getur reynt að mynda tengsl við fólk sem er að veita þér þjónustu þannig að þú eigir auðveldara með að biðja um stuðning eða ráðgjöf ef þú þarft á að halda.
  - Getur gengið úr skugga um að fjármál þín séu í lagi.
  - Getur reynt að taka þátt og verið virk/ur í félagsstarfi.

---

# Gerendur

---

- Starfsfólk:
  - Ofbeldi sem aldraðir verða fyrir af hálfu starfsfólks á stofnunum eða af hálfu einstaklings sem veitir þeim þjónustu í heimahúsi (e. institutional setting).
- Tengdir þeim aldraða:
  - Ofbeldi sem aldraðir verða fyrir af hendi einstaklinga sem eru þeim tengdir (e. community setting).


# Þekktir áhættuþættir gerenda

---

- Streita og álag
- Geðræn vandamál
- Óhófleg notkun áfengis og vímuefna
- Skortur á félagslegum stuðningi
- Saga um ofbeldi á heimili gerenda
- Krefjandi aðstæður umönnunar
- Mikil ábyrgð á hinum aldraða

# Rannsókn á vegum WHO árið 2017

- Heildarniðurstaðan var sú að 15,7% fólks 60 ára og eldra hefðu orðið fyrir einhverri birtingarmynd ofbeldis á undanliðnum 12 mánuðum.
- Andlegt ofbeldi var algengasta birtingarmynd þessa vanda, 11,6% aldraðra höfðu orðið fyrir því á síðustu 12 mánuðum.
- Næst kom fjárhagsleg og efnisleg misnotkun (6,8%),
- Vanræksla (4,2%),
- Líkamlegt ofbeldi (2,6%)
- og kynferðislegt ofbeldi (0,9%).



# Rannsóknir í Noregi

- Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að á milli 56.500 og 76.000 manns sem búa á heimili sínu hafi orðið fyrir ofbeldi í Noregi eftir 65 ára aldur.
- Ofbeldi og árásir gegn öldruðum í Noregi telst alvarlegur samfélags- og lýðheilsuvandi.
- Rannsóknin hefur leitt í ljós skýrt samhengi milli þess að einstaklingur verði fyrir ofbeldi og hann glími við heilsubrest, skerta líkamlega getu og takmarkaða samfélagsþátttöku.





## Frh ....

- Rannsóknin sýnir að aldraðir sem hafa orðið fyrir alvarlegu ofbeldi eða alvarlegu kynferðisofbeldi fyrir 65 ára aldur eru líklegri til að verða fórnarlömb ofbeldis eftir 65 ára aldur.
- Einungis lítill hluti aldraðra þolenda ofbeldis í Noregi leitar aðstoðar.
- Ofbeldi og árásir gegn öldruðum í Noregi er nú sem fyrr dulinn samfélagsvandi



## Rannsókn í Noregi um ofbeldi starfsmanna á hjúkrunarheimilum gegn öldruðum

---

- Þátttaka í könnun þessari var 60,1% af 3693 starfsmönnum á 100 hjúkrunarheimilum.
- Alls kváðust **76%** þátttakenda hafa tekið eftir einu eða fleiri tilvikum ofbeldis gegn hinum öldruðu á undanliðnum 12 mánuðum.
- Mest bar á sálrænu ofbeldi og vanrækslu.
- Karlmenn skýrðu frekar frá líkamlegu ofbeldi en konur könnuðust einkum við vanrækslu.
- Rétt rúm 60% starfsfólks sögðust hafa beitt ofbeldi einu sinni eða oftár á hjúkrunarheimili á sama tímabili.
- Eftir því sem menntun þátttakenda jókst því líklegri voru þeir til að skýra sjálfir frá eigin ofbeldisverkum og vanrækslu.



## BÝRÐ ÞÚ VIÐ OFBELDI? Á EITTHVAÐ AF NEÐANTÖLDU VIÐ UM ÞIG?

- Hefur þú orðið hrædd/ur við maka þinn eða einhvern sem tengist þér náið?
- Hefur þú orðið hrædd/ur þegar viðkomandi er undir áhrifum áfengis eða eiturlyfja?
- Hefur viðkomandi reynt að koma í veg fyrir að þú farir þangað sem þú vilt fara?
- Hefur hann/hún reynt að koma í veg fyrir að þú stundir áhugamál?
- Skipar viðkomandi þér fyrir?
- Krefst hann/hún þess að þú hlýðir sér?



## BÝRÐ ÞÚ VIÐ OFBELDI? Á EITTHVAÐ AF NEÐANTÖLDU VIÐ UM ÞIG?

- Hefur viðkomandi sagt (beint eða óbeint) að þú getir ekki bjargað þér án hans/hennar?
- Hefur maki þinn ásakað þig um að vera sér ótrú/r?
- Er viðkomandi gagnrýninn á þig, vini þína og/eða fjölskyldu?
- Hefur maki sagt að „eitthvað sé að þér“, jafnvel að þú sért „geðveik/ur“?
- Hefur þú óttast maka þinn eða aðra manneskju þér nákomna undir einhverjum kringumstæðum?

## BÝRÐ ÞÚ VIÐ OFBELDI? Á EITTHVAÐ AF NEÐANTÖLDU VIÐ UM ÞIG?

- Verður viðkomandi reið/ur ef þú mótmælir eða ert á annarri skoðun?
- Hefur viðkomandi gert lítið úr þér fyrir framan aðra?
- Hefur viðkomandi yfirráð yfir fjármálum þínum?
- Hefur þér fundist þú þurfa að stunda kynlíf til að „hafa makann góðan?“
- Hefur viðkomandi viljandi eyðilagt persónulegar eigur þínar?






## BÝRÐ ÞÚ VIÐ OFBELDI? Á EITTHVAÐ AF NEÐANTÖLDU VIÐ UM ÞIG?

- Hefur maki eða annar þér nákominn ógnað þér með svipbrigðum, hreyfingum eða bendingum?
- Hefur viðkomandi hótað að skaða þig eða sjálfan sig?
- Hefur viðkomandi öskrað á þig?
- Hefur viðkomandi ýtt við þér/hrint þér eða slegið til þín eða einhvers sem þér þykir vænt um. Þetta á ekki bara við fólk heldur líka gæludýr.
- Hefur viðkomandi hótað að skaða sig og/eða svipta sig lífi?

# Aðgerðir til bóta

- Ala börn upp með virðingu fyrir öldruðum
- Stuðla að velferð og jöfnuði
- Auka rannsóknir á sviði ofbeldis gegn öldruðum
- Auka vitundarvaknigu um tilvist ofbeldis gegn öldruðum
- Auðvelda kæruleið, t.d. í ákveðinn síma
- Sveigjanleg eftirlaun og bætt kjör aldraðra sjálfra
- Auka hlutverk þjónustuhóps aldraðra



Frh...  
Aðgerðir til  
bóta

- Auka fjámuni til þjónustu við aldraða
- Bæta kjör og virðingu þeirra sem vinna við umönnun og minnka streitu
- Auka eftirlit með þjónustunni
- Auka þáttöku aldraðra í þjóðfélaginu, minni æskudýrkun
- Enginn aldraður á bráðasjúkrahúsi eftir lok meðferðar
- Einkastofur á elli- og hjúkrunarheimilum fyrir alla þá sem það vilja



# Er þetta ofbeldi?

- María er fötluð kona sem þarf aðstoð við ýmsar athafnir í daglegu lífi. María býr í íbúðarkjarna þar sem henni líður oftast vel. Henni finnst samt stundum að sumir starfsmenn taki ekki tillit til hennar þarfa.
- Hún átti erfiðan morgun og starfsmaðurinn sem var að hjálpa henni, Björn, var ekki sáttur við hvernig hún talaði til hans. Núna segir Björn ekkert þegar María talar við hann heldur hunsar hana. Þögnin er svo þrúgandi að hún þorir ekki að biðja um hádegismat.

# Er þetta ofbeldi?

- Ólafur er nægjusamur maður á níráðisaldri sem býr á eigin heimili. Eitt barnabarna hans, Hrafnhildur, hjálpar honum oft við hluti sem eru honum erfiðir, eins og að fara út í búð og borga reikninga. Ólafur lét Hrafnhildi fá aðgang að netbankanum sínum í þessum tilgangi.
- Nokkrum mánuðum seinna þegar Ólafur ætlaði að kaupa sér nýjan sófa kom í ljós að Hrafnhildur hafði millifært reglulega af reikningnum hans yfir á sig.

